



Dagsetning: 5. apríl 2024
Málsnúmer: 2404044/8.0

Til bæjarráðs

MINNISBLAÐ Skólafrístund fjarðabyggðar

Í 33. gr. a. Í Lögum um grunnskóla 91/2008 er fjallað um frístundaheimili eða frístundastarf skóla. Þar segir að:

Öllum börnum í yngri árgöngum grunnskóla skal gefinn kostur á þjónustu frístundaheimila. Frístundaheimili er frístundavettvangur barna með áherslu á val barna, frjálstan leik og fjölbreytileika í viðfangsefnum og umhverfi. Við skipulag þjónustu frístundaheimila skal tekið mið af þörfum, þroska og áhuga hvers og eins.

Frístund grunnskóla Fjarðabyggðar hefur verið undir stjórn grunnskólastjóra þar til í fyrra en þá færðist frístund Reyðarfjarðarskóla yfir til íþróttá og tómskundamála. Þessi yfirfærsla var liður í yfirfærslu allra skólafrístundar yfir til þess málaflökks. Þetta er í samræmi við áherslur 2023-2025 í Fræðslu og frístundastefnu Fjarðabyggðar þar sem segir:

Skólafrístund færir undir íþróttá- og tómskundamál. Þannig verður allt tómskunda- og frístundastarf barna og unglinga í Fjarðabyggð undir einum hatti. Lögð verður áhersla á að efla frístundastarf með það fyrir augum að það verði rekið allt árið og tekið tillit til ólíkra þarfa einstaklinga. Frístundastarf byggist á útivist, hreyfingu, leikjum og íþróttum.

Reynslan sýnir mikilvægi þess að gera þetta í skrefum og í samvinnu og samráði við starfsfólk og skólastjórnendur. Markmiðið er að tryggja fjölbreytt og öflugt frístundastarf og að festa öflugt starfsfólk í heilsársvinnu fyrir alla frístund barna í Fjarðabyggð.

Lagt er til að í áfanga tvö haustið 2024 færir skólafrístund grunnskóla Neskaupstaðar yfir til íþróttá og tómskundamála fyrir áramót og eftir áramót færir Eskifjörður yfir. Áfangi þrjú væri síðan haustið 2025 þegar frístund grunnskóla Fáskrúðsfjarðar og Breiðdals- og Stöðvarfjarðarskóla færir yfir til íþróttá og tómskundamála.

Laufey Þórðardóttir
Sviðsstjóri fjölskyldusviðs

